

VERUM  
Á VERÐI  
GEGN  
EINELTI

BÆTUM  
STARFSANDANN

ÁNÆGT  
STARFSFÓLK  
SKILAR BETRI  
VINNU

EINELTI  
SNÝST UM  
FÓLK

 **VINNUEFTIRLITID**  
Bíldshöfða 16 110 Reykjavík  
Sími: 550 4600 Fax: 550 4610  
vinnueftirlit@ver.is  
www.ver.is

 **LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ**  
Laugavegi 116 150 Reykjavík  
Sími 510 1900 Fax 510 1919  
postur@landlaeknir.is  
www.landlaeknir.is

ER  
EINELTI  
Á VINNUSTADNUM?





# ER EINELTI Á VINNUSTAÐNUM?

**Samkvæmt tölum frá nágrannalöndunum má ætla að um 3-10% starfsmanna verði fyrir einelti í vinnu en algengi þess hérlandis hefur ekki verið kannað. Einelti getur gert lífið óbærilegt fyrir þann sem fyrir því verður, dregið úr starfsorku og haft slæm áhrif á starfsandann. Einelti er eitt alvarlegasta samskiptavandmál sem upp kemur á vinnustað.**

## **HVAD ER EINELTI?**

Einelti má skilgreina sem endurtekná lítilsvirðandi og særandi framkomu gagnvart einstaklingum. Stundum er einelti fólgið í því að einn einstaklingur niðist á öðrum, stundum standa fleiri að verki þannig að sá sem lagður er í einelti verður útundan í vinnuhópnum. Oft átta gerendur eineltis sig ekki á afleiðingum athafna sína.

**Vinnuveitanda ber að sjá til þess að einelti líðist ekki á vinnustaðnum. Stjórnendur gegna lykilhlutverki í því að skapa starfsandann og eiga að bregðast strax við ef einelti kemur upp.**

**Einelti kemur öllum við. Gerendur njóta verndar svo lengi sem stjórnendur og hinn þögli meirihluti á vinnustaðnum láta eineltið viðgangast.**

Orsakir eineltis eru margs konar. Á vinnustöðum er m.a. unnt að skoða hvort vinnuskiplagið stuðlar að því að einelti komi upp.

## **Upplýsingaflæði, starfsýsingar**

Er upplýsingaflæðið tregt? Viðgengst baktal á vinnustaðnum? Eru starfsýsingar óskýrar og hættu á hagsmunaaðreksrum?

## **Athafnafrelsi, svigrúm, starfsþróun**

Hafa starfsmenn lítil tækifæri til að hafa áhrif á hvernig þeir vinna? Er eftirliti með vinnunni þannig háttað að það skapi spennu og rígg? Hafa starfsmenn ójafna möguleika á framgangi í starfi?

## **Tímabróng**

Vinna starfsmenn ákvæðisvinnu? Eru gerðar óraunhæfar kröfur um hraða og/eða fjölda verkefna?

Eru þeir sem minna mega sín í hópnunum lítnir hornauga?

## **Vinnutími**

Er starfsmönnum mismunandi svo gróflaga varðandi viðveru í vinnu, sveigjanlegan vinnutíma eða við skipulag vaktu að það geti verið liður í einelti?

## **Einangrun**

Eru starfsmenn faglega eða félagslega einangraðir í vinnunni? Geta starfsmenn fengið hjálp frá samstarfsmönnum eða yfirmönnum þegar þörf krefur?

## **Umburðarlýndi**

Skortir umburðarlýndi t.d. gagnvart aldri, þjóðerni, fötlun, kynhegðun, kynferði eða öðru sem kann að aðgreina starfsmann frá starfsþópnum?

## **HVAD ER TIL RÁÐA GEGN EINELTI?**

Samkvæmt vinnuverndarlögum (46/1980) skal atvinnurekandi tryggja að gætt sé fyllista öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað.

Ráð gegn einelti eru ekki einhlið en ef það kemur upp á vinnustað og stjórnendur bregðast geta starfsmenn leitað fulltrúnaðarmanna, verkalyðsfélags eða aðstoðar óháðra, utanaðkomandi aðila. Á heimasíðu Vinnuettirlitsins er listi yfir nokkra ráðgjafa sem leita má til við lausn slíkra mála.